

Börn á leikskólaaldri

Skólavefurinn býður upp á fjölbreytt efni fyrir börn sem enn eru ekki komin í grunnskóla og bætist nýtt efni við í hverri viku.

Eins og gefur að skilja fyrir svo ung börn er efnið sett upp með það í huga og því höfum við reynt að hafa alla umgjörð þess mjög einfalda. Nauðsynlegt er að foreldrar fylgi börnum sínum fyrstu skrefin og leiðbeini þeim strax frá upphafi.



1) Hugmynda- og verkefnamappa leikskólanna

<http://www.skolavefurinn.is/opid/krakkar/leikskolar/leikskolamappan/index.htm>

Í Hugmynda- og verkefnamöppu leikskólanna bjóðum við upp á fjölbreytt verkefni, hugmyndir um alls kyns þroskaleiki, föndur og ýmislegt, heilbrigt líferni, sögur og margt, margt fleira. Var þessi liður í upphafi þróaður til að þjóna leikskólum en mjög margir foreldrar nýta sér hann einnig.

Efnið er ýmist unnið innanhúss eða að um er að ræða þýtt efni frá völdum breskum og bandarískum framleiðendum. Eins og aðrir liðir er þessi þáttur í stöðugri þróun og því er mikilvægt að fylgjast reglulega með nýjungum.

Rétt er að taka fram að undir þennan lið falla einungis útprentanleg verkefni sem þó eru víða studd margmiðlun. Hann byggir á því að á hverjum miðvikudegi birtast sex ný verkefni á vefnum sem hægt er að prenta út. Fram að þessu höfum við flokkað verkefnin á eftirfarandi hátt:

*Tölur og orð – Sögur –
Leikir og gleði – Föndur og færni –
Leikur og líkami –
Þekking og fróðleikur*

Fram að þessu höfum við einungis boðið upp á möppu fyrir leikskóla, en munum nú innan skamms bjóða upp á möppu fyrir foreldra til að halda utan um verkefnin og þá stendur foreldrum einnig til boða áskriftarpakki þar sem þeir fá á þriggja mánaða fresti sendan upplesinn hljóddisk með völdum barnasögum.

Hægt er að nálgast ný og eldri verkefni á slóðinni hér fyrir neðan, en svo er einnig hægt að finna tengla í verkefnamöppuna og krakkasíðuna á listanum „áhugavert“ hægra megin á forsíðunni.

9. Vika

Vissir þú?

...að árið 1969 steig fyrsti maðurinn fari á tunglið. Hann hét Neil Armstrong og var bandarískur maður. Fyrsti geimfarinn var hins vegar rússneskur maður að nafni, Juri Gagarin, og fylgdust fjóldi manna með þeim meðal annars er honum var skotið út í geim 12. apríl 1961.

Má þeim tíva hefur tækninni flúið fram og stíft er verið að skipta upp könnunarfögum, þerfnglum og þerfnglum með eða án manna innnanboði, sem öllum er stjórnað og stjrt með tölvum.

En hvað eru menn að vilja út í geiminn? Tilgangurinn getur verið margþinglegur. Til dæmis vilja vísindamenn gera rannsóknir og kanna himingelminn nánar, svo stjörna sum hringtungi fjarniptum milli landa og svo eru önnur sem taka myndir af jörðinni og öðrum spennandi fyrirbærum himingelmins.

Áðrir starfari jarðannar geta þó að venjum að hluta sem látað er upp í lofti fogastr álfar til baka aftur, þess vegna verður hraði geimfara að vera gífurlegur, eða sltt að 40.000 km á sekúntund, til þess að yfirvinna þessan áðrirstar-kraft.

Ímyndaðu þér að þú seir geimfarari á ferð um himingelminn, hvað sérdu?
Teiknaðu mynd:

Þekking og
Froðulegur

2) Krakkasíðan

http://www.skolavefurinn.is/_opid/_valmynd/krakkar/index.htm

Á Krakkasíðunni er að finna fjölbreytt úrval af alls kyns verkefnum, gagnvirkum æfingum, þroskandi þjálfunarleikjum o.m.fl. Á síðunni getið þið valið um:



Stefanía fer á kreik

http://www.skolavefurinn.is/_opid/islenska/malfraedi_stafsetning/lestur/stafirnir/index.htm

Undir þessum lið bjóðum við upp á nokkur myndbönd með Stefaníu stafastúlku, en þar skoðar hún t.a.m. stafina, tölurnar, litina o.fl.

Fróðleikur


<http://www.skolavefurinn.is/opid/valmynd/krakkar/flokkun/frodleikur/index.htm>

Hér getið þið nálgast valda fróðleiksmola úr ýmsum áttum. Eru þeir bæði settir fram í sérstakri útprentanlegri útgáfu, svo og í vefsíðuútgáfu þar sem sums staðar er hægt að teikna með músinni svo eitthvað sé nefnt.

Tölur og stafir

http://www.skolavefurinn.is/opid/valmynd/krakkar/flokkun/stafir_tolur/index.htm

Í þessum flokki höfum við útbúið gott efni sem tekur fyrir fyrstu skrefin í stærðfræði. Efst eru gagnvirkir leikir, s.s. köngulóatalningin. Þar næst undirstöðu-efni sem við á Skólavefnum keyptum frá breska námsgagnaframleiðandanum Domino Books. Góð verkefni sem leggja grunninn að stærðfræðihugsun til framtíðar. Þá koma nokkur áhugaverð verkefni með orð.



Sögur

<http://www.skolavefurinn.is/opid/valmynd/krakkar/flokkun/sogur/index.htm>


(Hér er hægt að nálgast fjöldann allan af sögum í alls kyns gerðum, myndskreyttar og upplesnar. Auk hefðbundinnar vefútgáfu eru sumar boðnar í því sem við köllum flettibókaútgáfu, en þar eiga börnin sjálf að fletta bladsíðum með músinni. Sögurnar eru myndskreyttar og upplesnar.)



Tónlist

<http://www.skolavefurinn.is/opid/valmynd/krakkar/flokkun/tonlist/index.htm>

(Í tónlistarflokknum bjóðum við upp á tvo laufletta leiki, annars vegar gagnvirkt píanó, þar sem börnin geta spilað sjálf með músinni, og hins vegar minnisleik með hljóðfærum.)



Leikir og þrautir

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/krakkar/flokkun/leikir/ index.htm>

Undir þessum lið er hægt að nálgast heilan helling af alls kyns gagnvirkum leikjum og þrautum, sem miða að því að þjálfra ýmsa færniþætti með börnunum og/eða miðla fróðleik. Má þar nefna ***minnisleiki*** alls konar, leiki þar sem barnið á að ***tengja orð við mynd, útprentanlegar litabækur, púsl, dansandi orð*** o.fl. Þá er einnig rétt að benda á almennu leikjasíðuna þar sem hægt er að nálgast uppbyggilega þjálfunarleiki á borð við Tetris, Finndu músina, Fúsi flugmaður og marga fleiri leiki.

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/almennt/leikir/ index.htm>



The screenshot shows the game interface for 'Fúsi flugmaður'. On the left, there is a red biplane flying over a green castle. In the center, a small figure of Fúsi is flying. On the right, there is a text box with the title 'Fúsi flugmaður' and a sub-heading 'Leitðeigin'. The text in the box reads: 'Fúsi flugmaður þarf að komast á flugvélina sína yfir óvinland. Þú getur hjálpað honum með því að stjórna flugvélina ífram hjá fljúgðum nemum með kvenstókunum á lykklaborðinu þínu. Þessu þú þig á all neikost ekki í tré eða kastulana. Góða skemmtun!' Below the text box is a green button labeled 'Byrja'.

3) Sögusafn barnanna á hverjum mánudegi

http://www.skolavefurinn.is/opid/islenska/bokmenntir/ymsar_sogur/yo_lo_bjargar_keisaradotturinni/yo_lo_bjargar_keisaradotturinni_index.html

Til viðbótar við sögurnar á krakkasíðunni bjóðum við upp á nýja sögu á hverjum mánudegi í vefsíðuútgáfu. eru þær skemmtilega myndskreyttar og hægt er að hlusta á þær upplesnar. Hefur þessi liður notið mikilla vinsælda, enda eru hér á ferðinni vandaðar sögur úr ýmsum áttum sem miða að því að skemmta krökkum og um leið að fræða þá um þekktar persónur eða atburði í sögunni.



4) Stafsetning fyrir yngstu börnin

Þó svo að börn á leikskólaaldri séu í flestum tilfellum ekki farin að skrifa orð og setningar, þá er ekki úr vegi að kynna fyrir þeim einföld orð og fá þau til að hugleiða hvernig orðin eru rituð. Við bjóðum nú upp á skemmtilegt gagnvirkt þjálfunarefni í stafsetningu fyrir þá sem eru að feta sín fyrstu skref á þessu sviði og hvetjum alla til að skoða það vel. Eins og með annað er nauðsynlegt að einhver fullorðinn fylgi börnunum fyrstu skrefin í þessu.

5) Lauflétt stafagrín

<http://skolavefurinn.is/omar/bok/stafagrinn.swf>

Fyrir þau börn sem eru að byrja að veita stöfunum athygli mælum við með laufléttum leik sem gengur fyrst og fremst út á það að hjálpa börnum að læra að þekkja stafina, þ.e. form þeirra. Í þessum leik eiga börnin að hjálpa drengnum að veiða stafina og færa þá með músinni inn í skýið.



6) Líttlestrarbækur Skólavefsins

<http://www.skólavefurinn.is/opid/islenska/bokmenntir/letlestur/ae/ingar1/index.html>


Fyrir þá sem eru að byrja að læra að lesa bjóðum við upp á skemmtilegar stigskiptar þjálfunarbækur í lestri sem unnar eru af Berglindi Guðmundsdóttur. Er hér um mjög vandaðar bækur að ræða sem notaðar hafa verið við kennslu með góðum árangri. Hægt er að nálgast þessar bækur til að prenta þær út og einnig í skemmtilegri flettibókaútfærslu á vef. Fleiri sögur munu bætast við reglulega eftir Berglindi og aðra höfunda.



7) Stærðfræði fyrir yngstu börnin




Í stærðfræði bjóðum við upp á fjölbreytt og skemmtilegt efni fyrir börn á leikskólaaldri, sem hefur það að markmiði að gera börn betur læs á þá stærðfræði sem bíður þeirra á komandi árum. Við höfum nú þegar minnst á köngulóatalninguna, einfaldan og skemmtilegan leik fyrir þau allra yngstu, og svo er það talnagrínið sem virkar á svipaðan hátt og stafagrínið sem lýst er hér að ofan.



Þá bjóðum við upp á skemmtilegan þjálfunarleik í samlagningu sem nefnist Froskaleikurinn, en þar eiga börnin að leysa einföld samlagningardæmi.

Þá höfum við í samráði við kennara yngstu barna grunnskólans hannað skemmtilega gagnvirka talnagrind, sem gott getur verið að kynna fyrir ungum börnum þannig að þau átti sig betur á því hvernig hægt er að nota hana til að telja.



Fleiri þroskaleiki mætti telja upp fyrir yngstu börnin, eins og t.a.m. að telja eplin á trénu, fiskakapphlaupið o.m.fl.

Síðast en ekki síst viljum við benda á kennslustundir okkar í stærðfræði fyrir yngstu hópana, sem hugsaðar eru fyrir fyrstu bekki grunnskólans, en getur verið gagnlegt að kynna fyrir yngstu börnunum, enda geta sumar æfingarnar þar




hentað þeim aldri mjög vel.

8) Yngri börn

http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/ynгри_born/index.htm

Þá má einnig sækja mikið og fjölbreytt efni á síðu okkar sem ber yfirheitið Yngri börn og tengil í hana má finna á vinstri dálkinum á forsíðunni.

Þar má t.a.m. finna þematengdar litabækur sem hafa notið töluverðra vinsælda í gegnum tíðina. Þemun eru ýmiss konar, s.s. fuglar, hús og byggingar, landið, sjóræningjar og margt, margt fleira.



Litabókasíðan

<http://www.skolavefurinn.is/ opid/ valmynd/almennt/litabaekur/index.htm>

Dæmi um litabók:

http://www.skolavefurinn.is/ opid/daegradvol/litabok/litla_litabokin/fuglar_1.pdf

Hér er einungis stiklað á stóru og snert á litlu broti af því efni sem er að finna undir hverjum flokki fyrir þennan aldurshóp. Vonandi sýnir þetta þó möguleikana og hjálpar ykkur að feta ykkur áfram um vefinn.

Góða skemmtun!

Hægt er að fá áskrift á
www.skolavefurinn.is

eða

panta áskrift í síma

551 6400